

Alþingi
Erindi nr. P 138/3023
komudagur 16.8.2010



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara sjávarútvegs- og
landbúnaðarnefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 14.08.2010
Tilv. 2005/0037 - 2.0
GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 662. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (viðurlög, heimavinnsla og aðilaskipti að greiðslumarki í mjólkurframleiðslu), 662. mál (138. löggj.p.)

Heildarmat og tillaga

Að óbreyttu tel ég frumvarp (frv.) þetta mjög óhagstætt fyrir neytendur eins og rakið skal í umsögn hér að neðan. Tel ég frv. auk þess brjóta gegn hagsmunum og stjórnarskrárvörðum réttindum neytenda. Meginrökin, sem ítarlega er farið yfir hér á eftir, eru að með frv. sé farið út fyrir það svigrúm sem 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar (stjskr.) veitir löggjafanum til þess að setja atvinnufrelsi skorður „enda krefjist almannahagsmunir þess.“ Einnig eru færð fyrir því rök hér að neðan að óbreytt frv. brjóti líklega gegn óskráðri meðalhófsreglu stjórnarskrárinnar.

Legg ég vinsamlegast til að frv. verði dregið til baka og að metið verði í samráði við alla hagsmunaaðila - þ.m.t. fulltrúa neytenda - hvaða breytinga er þörf á löggjöf um matvörur, landbúnað og neytenda- og samkeppnismál að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem fram koma hér á eftir. Kemur að mínu mati til álita ýmist að skoða smærri lagfæringar í bráð en mikilvægara tel ég þó að hefja hið fyrsta heildræna endurskoðun til lengri tíma á umræddri löggjöf - neytendum og öðrum hagsmunaaðilum til hagsbóta. Þar sem fyrirhuguð gildistaka samkvæmt 6. gr. frv. er ekki fyrr en 1. janúar nk. ætti nokkuð rúmur tími að vera til slíks samráðs og endurskoðunar.

Tel ég sérstaka ástæðu til þess að mæla gegn því að frv. þetta verði samþykkt óbreytt á Alþingi með vísan til þeirra stjórnskipulegu annmarka sem rökstutt er hér á eftir að séu á frumvarpinu.

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrir mælum frá öðrum

Tilfni

Vísað er til tölvuskeytis yðar frá 30. júní sl. um ofangreint þingmál. Meðal hlutverka talsmanns neytenda er skv. 6. gr. laga nr. 62/2005 að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda, stuðla að aukinni neytendavernd og setja fram úrbótatillögur um reglur „er varða neytendur sérstaklega“. Með hliðsjón af því takmarka ég efnislega umsögn mína við hagsmuni og réttindi neytenda. Rek ég því ekki tilverurétt kvótakerfa frekar en að geta þess að tilverugrundvöllur þeirra er að mínu mati almennt háður því að um sé að ræða takmörkuð gæði.

Einnig tel ég standa öðrum en talsmanni neytenda nær að meta hvort með óbreyttu frv. sé markmiði með frv. og markmiðum laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (búvörulaga) stefnt í hættu. Þá kemur að mínu mati til álita að stjórnvöld og aðrir hagsmunaaðilar meti hvort með því að halda við kvótakerfi á borð við það, sem frv. er ætlað að verja, sé viðhaldið óbeinum eignarréttindum sem erfitt getur orðið að verja þegar á reynir eins og nýleg dæmi úr sjávarútvegi sanna.

Málsmeðferð

Ég tel umsagnarfréttinn fremur skamman í ljósi þess að þær vikur, sem eru liðnar frá því að umsagnarbeiðni barst, eru í mörgum atvinnugreinum hásumarleyfistími á Íslandi.

Þá tek ég fram að ekkert samráð hefur verið haft við talsmann neytenda um frumvarp þetta á vinnslustigi - þvert á ósk mína í bréfi til allra ráðuneyta, dags. 28. nóvember 2005. Fram kemur í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu að haft hafi verið samráð við tvo helstu hagsmunaaðila atvinnurekenda á framleiðslu- og úrvinnslustigi, þ.e. Bændasamtök Íslands og Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Við það er vitaskuld ekkert að athuga en sérstætt er að lesa eftirfarandi í niðurlagi almennra athugasemda í greinargerð með frv.:

„Um sjónarmið aðila að þessu leyti vísast til athugasemda við 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.“

Á hinn bóginn tel ég mikilvægt að Alþingi veiti ráðherrum sem frumkvæðisaðilum skv. 38. gr. stjkskr. að nýrri löggjöf og lagabreytingum ríkara aðhald í því skyni að jafnræðis sé gætt; eins og ég hef vakið óformlega athygli á tel ég alltof algengt að haft sé samráð við fulltrúa atvinnurekenda við lagasmíð - t.d. á vinnslustigi eins og í þessu tilviki - en lítt, seint eða alls ekki við aðila sem gæta hagsmuna neytenda. Tel ég koma til álita að fylgja þessu

almennt eftir gagnvart Stjórnarráðinu í heild vegna margítrekaðra tilefna þrátt fyrir tilvísað bréf embættisins frá 2005.

Að mínu mati er ekki útilokað að málsmeðferð sem þessi geti haft áhrif á efnislegt mat dómstóla á stjórnskipulegu gildi laga sem nánar skal fjallað um nú.

Um 2. og 5. gr. frv. - nýtt refsíákvæði í 29. gr. búvörulaga

Tillaga

Ég legg til að fallið verði frá því að taka upp í búvörulög refsíákvæði til þess að fylgja eftir gagnvart rekstraraðila afurðastöðvar (mjólkursamlags) með fjársektum að þeim beri nauðsyn til að hafa greiðslumark til þess að taka við og markaðsfæra mjólk á innanlandsmarkaði.

Þá legg ég sömuleiðis til að endurmetið verði við ofangreinda (heildar)endurskoðun hlutaðeigandi löggjafar, sem lögð er til hér að ofan, hvort nægilegt tilefni sé til þess að hundraðfalda dagsektalágmark búvörulaga og tífalda dagsektahámarkið. Þá má að mínu mati efast um hvort heppilegt sé að pólitískt skipuðum ráðherra sé falið ákvörðunarvald um beitingu slíkra viðurlaga.

Um hagsmuni neytenda

Ég tel ljóst að neytendur hafi í þessu tilviki sem endranær almennt hag af því að samkeppni sé fyrir hendi sem víðast og sem mest í virðiskeðjunni og atvinnufrelsi sé almennt í þágu hagsmuna og réttinda neytenda.

Rök varðandi takmörkun atvinnufrelsis vegna almannahagsmuna

Í 1. mgr. 75. gr. stjkskr., sbr. 13. gr. stjkskl. 97/1995, segir:

„Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.“

Ég tel að neytendur eigi afleiddan rétt skv. 1. mgr. 75. gr. stjkskr. enda er atvinnufrelsi ekki aðeins ætlað að tryggja hagsmuni þeirra atvinnurekenda, sem nýta sér frelsið, heldur einnig samfélagsins alls - og þ.m.t. neytenda. Lít ég þá m.a. til þeirrar orðalagsbreytingar, sem gerð var á ákvæðinu 1995, þar sem orðinu „almannaheill“ var skipt út fyrir hugtakið „almannahagsmunir“ sem enn

fremur ætti að ná til almennra hagsmuna neytenda en til sértækari hagsmuna einstakra atvinnugreina eða stétta. Styð ég þá túlkun m.a. við eftirfarandi ummæli í athugasemdum við 13. gr. frv. til stjksl. á 118. löggjafarþingi (297. mál, þskj. 389, <http://www.althingi.is/altext/118/s/0389.html>); áhersla hér:

„Í 1. mgr. 13. gr. er lögð til regla um atvinnufrelsi sem er orðuð með nokkuð öðrum hætti en núgildandi regla um sama efni í 69. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að engin bönd megi leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji og þurfi lagaboð til. Ákvæðinu í 1. mgr. 13. gr. er í megindráttum ætlað að vera efnislega það sama og eldri reglan ef tekið er mið af hljóðan hennar. Með breyttu orðalagi er þó leitast við að leggja ríkari áherslu á þá meginreglu sem er sett fram í fyrri málslið málsgreinarinnar að öllum sé frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa sjálfir. Að sama skapi er í síðari málsliðnum reynt að draga mun betur fram en í núgildandi reglu að skorður við atvinnufrelsi, sem þurfi að ákveða með lögum, eigi að heyra til undantekninga og verði að helgast af nauðsyn vegna almannahagsmuna. Með því að breyta orðalagi á þennan hátt frá núgildandi reglu er ætlunin að leggja öllu ríkari áherslu á að löggjafinn verði að meta sérstaklega hvort almannahagsmunir krefjist í raun að meginreglunni um atvinnufrelsi verði vikið til hliðar á afmörkuðu sviði með lagasetningu. Má þá hafa í huga að talsvert hefur færst í vöxt á síðari árum að setja atvinnufrelsi skorður, einkum með löggjöf sem felur með einum eða öðrum hætti í sér einkarétt manna með ákveðna menntun eða starfsreynslu til að leggja stund á tiltekna atvinnu. [...].“

Styðja lögskýringargögn þessi að leggja beri afdráttarlausan skilning í skilyrði stjórnarskrárinnar um að atvinnufrelsi verði aðeins takmarkað - neytendum í óhag - „*krefjist* almannahagsmunir þess.“

Vanræki löggjafinn þá *sérstöku* stjórnarskrárvörðu skyldu sína samkvæmt framangreindu að „meta sérstaklega hvort almannahagsmunir krefjist í raun að meginreglunni um atvinnufrelsi verði vikið til hliðar á afmörkuðu sviði með lagasetningu“ - eða mistakist við það mat reynir á mat dómstóla. Ég tel rétt að fram komi að svo vill til að fyrir tíu árum gerði ég sérstaka rannsókn á þessu skilyrði stjórnarskrárinnar; eftirgreind yfirferð um endurskoðunarmöguleika dómstóla á slíku mati löggjafans er því byggð á ítarlegri rannsókn í tilefni af erindi mínu 26. maí 2000 á málþingi dómara og lögmanna um „**Almannaeill** - Eiga dómstólar úrskurðarvald um hvað almenningi er fyrir bestu?“

Einn helsti fræðimaður á sviði stjórnskipunarréttar, Ólafur Jóhannesson, skrifaði eftirfarandi (Stjórnskipun Íslands, 1978, bls. 417) almennt um það álitefni hvort löggjafinn hefði fortakslaust fullnaðarmat á hvers „almannaeill“ eða „almenningsþörf“ krefðist:

„Vera má, að af dómsúrlausnum þessum megi draga þá ályktun, að dómstólar telji sig ekki bæra til að dæma um slík matsatriði. Slík ályktun er þó ekki örugg. Réttaröryggi sýnist bezt borgið með því, að úrlausn slíkra matsatriða sé í höndum dómstóla.“

Um þágildandi atvinnufrelsisákvæði stjkskr. segir á sama stað (Ólafur

Jóhannesson, bls. 460):

„Eftir orðanna hljóðan eru löggjafarvaldinu einnig settar nokkrar skorður, þar sem atvinnufrelsið má því aðeins skerða að almenningsheill krefjist. En þar er þess að gæta, að hæstiréttur hefur talið, að löggjafinn ætti sjálfur fullnaðarmat um það, hvort því skilyrði sé fullnægt,... Á meðan sú regla gildir, er fremur lítið hald í ákvæði þessu gagnvart löggjafanum.“

Dómar Hæstaréttar frá 1937 hafa verið misvísandi í þessu efni. Elsti dómurinn, sem hefur beina þýðingu í þessu efni er Hrd. 1937:332 (333), sem varðar einnig atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar - og reyndar einnig markaðssetningu á mjólk. Þar er gefið í skyn að *í því tiltekna máli* sé ekki unnt að haggja við mati löggjafans á því að ráðstafanir til takmörkunar á atvinnufrelsi hafi verið til almannaheilla. Rétt er að geta þess að í því máli virðast heilbrigðissjónarmið í raun hafa verið ríkjandi þar sem um var að ræða ógerilsneydda mjólk; því mætti halda því fram að forsendur Hæstaréttar byggji öðrum þræði á því hvað þá var talið neytendum í hag - en slíku er ekki til að dreifa í frv. þar sem meintir hagsmunir tiltekinnar atvinnugreinar eða stéttar virðast ráðandi hjá frumvarpshöfundum. Yngri dómar á borð við Hrd. 1964:960 og Hrd. 1988:1532 (1534) (Frami), sem vísaði til fyrri dómsins, gefa á hinn bóginn ekki til kynna að fullnaðarmat löggjafans á því hvað sé „til almenningsheilla“ sé háð atvikum hverju sinni. Nýlega dóma Hæstaréttar, á borð við Hrd. 3. desember 1998 og dóm meirihluta (4:2:1) Hæstaréttar frá 6. apríl 2000 í máli nr. 12/2000 (kvótadómur II), má á hinn bóginn túlka svo að *metið sé hverju sinni* hvort „efni [sé] til þess“ að dómstólar haggi mati löggjafans um almannaheill, nú almannahagsmunir.

Af framanlýstri réttarþróun tel ég eftirfarandi reglu gilda - einnig með hliðsjón af umfjöllun íslenskra og danskra fræðimanna um stjórnsýslu- og stjórnskipunarrétt, svo sem um að dómstólum bæri „*að hafa álit löggjafans að engu, ef um bersýnilega misbeitingu af hans hálfu væri að ræða.*“ (Ólafur Jóhannesson, sama stað, bls. 453-4):

Löggjafinn - þ.e. Alþingi og forseti í sameiningu sem lýðræðislega kjörnir aðilar með pólitískt umboð - hefur eftir sem áður nokkurt svigrúm til þess að meta frjálst hvenær almannahagsmunir krefjist þess að settar verði skorður við atvinnufrelsi eða öðrum stjórnarskrárvörðum mannréttindum með sams konar matsskilyrðum. Á hinn bóginn verður samkvæmt framangreindu að telja að dómstólar muni leggja sjálfstætt endurmat á hið pólitíska mat í alvarlegri tilvikum, svo sem þegar augljóslega má má efast um hvort almenningsþörf krefjist þess að skorður séu settar við atvinnufrelsi - ekki síst ef óþörf úrræði eru lögbundin eða jafnvel óhófleg.

Síðastgreind atriði um meðalhófsmat, sbr. nánar um meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar hér að neðan, virðast eiga stoð í nýjum dómi Hæstaréttar frá 19. mars 2009 í máli nr. 425/2008 þar sem Hæstiréttur komst að eftirfarandi niðurstöðu:

„Samkvæmt öllu framanröktu var skilyrði stjórnarskrárinnar um almenningsþörf ekki uppfyllt til þess að stefndi Vegagerðin gæti beitt eignarnámi gegn áfrýjendum í umrætt sinn.“

Að mínu mati hefur Hæstiréttur auk þess með dómi þessum óbeint skorið úr því álitaefni hvort dómstólar geti endurmetið matskennd skilyrði stjórnarskrárinnar; dómurinn varðaði reyndar ekki atvinnufrelsisákvæði 1. mgr. 75. gr. stjkskr. heldur skylt eignarréttarákvæði 1. mgr. 72. gr. stjkskr., sem hefur að geyma skilyrði („almenningsþörf“) sem er sambærilegt við það sem hér um ræðir („almannahagsmunir“). Enda þótt hér hafi verið um að ræða mat handhafa framkvæmdarvalds eftir opnu framsali í eignarnámslöggjöf má telja að dómurinn staðfesti ofangreinda reglu um að dómstólar telji sig nú bæra til þess að endurmeta slíkt mat löggjafans á almenningsþörf eða almannahagsmunum - a.m.k. í tilvikum þar sem vikið er út fyrir framangreint svigrúm sem játa verður löggjafanum. Þar sem hér er auk þess rætt um heldur rýmra hugtak - „almannahagsmuni“ - tel ég eftirfarandi niðurstöðu enn líklegri en áður. Tel ég það eins og áður segir einkum eiga við í tilvikum þar sem farið er út fyrir eðlilegt svigrúm samkvæmt frjálsum mati hins pólitíska og lýðræðislega kjörna löggjafa. Að mínu mati er með refsíákvæði 2. gr. frv. að öllum líkindum farið út fyrir það svigrúm þrátt fyrir þá undanþágu sem síðari hluti 2. gr. frv. gerir ráð fyrir í 4. mgr. 29. gr. búvörulaga ef til kæmi.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að 3.-5. málslíð 2. mgr. 29. gr. svo breyttra laga hljóði svo:

„Sektin skal nema 110 kr. fyrir hvern lítra mjólkur sem markaðsfærð er innan lands samkvæmt grein þessari. Þetta gildir einnig um afurðir sem samsvara því magni. Fjárhæð sektarinnar skal taka mánaðarlegum breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2010.“

Samkvæmt þessu felur refsíákvæði frv. ekki í sér *frjálsa* refsheimild innan refsiramma með þaki og eftir atvikum gólfí eftir mati dómara eins og hefðbundið er í íslenskum refsirétti; þess í stað er refsíákvæðið bundið við tiltekna refsifjárhæð - 110 kr. á hvern lítra. Að mínu mati verður í þessu efni m.a. að líta til þess hvaða kröfur 1. mgr. 69. gr. stjkskr. gerir til refsíákvæða laga. Auk þess er hin fortakslausa og óvenjulega bundna refsifjárhæð tengd vísitölu neysluverðs og það með afturvirkum hætti frá 1. janúar sl. Eykur það enn á efasemdir um refsíákvæði þetta að fjárhæðin er í athugasemdum með 2. gr. í greinargerð með frv. (<http://www.althingi.is/alttext/138/s/1284.html>) skýrð svo:

„Lagt er til að möguleg fjársekt nemi 110 kr. á hvern lítra mjólkur sem nemur u.þ.b. lágmarksverði mjólkur til bænda að viðbættum beingreiðslum.“

Þá felur fyrirhugað refsíákvæði ekki í sér refsheimild eins og algengast er

heldur er um að ræða fortakslausa refsiskyldu sem ekki virðist eiga að vera háð mati dómara eins og meginreglur íslenskrar stjórnskipunar gera ráð fyrir, sbr. 2. og 61. gr. stjkskr. Að þessu leyti er einnig misræmi milli tilvitnaðs texta 2. gr. frv. og ummæla í athugasemd með ákvæðinu í greinargerð með frv. þar sem rætt er um *mögulega* fjársekt. Þessi *tilhögun refsíákvæðis í 2. gr. frv. fer að mínum dómi örugglega út fyrir framangreint svigrúm sem löggjafinn hefur samkvæmt framangreindum reglum stjórnskipunarréttar til þess að meta sjálfstætt og óháð endurmati dómstóla hvort almannahagsmunir „krefjist“ þess að sett verði slík viðurlög til þess að fylgja eftir lögbundnum takmörkunum á atvinnufrelsi í þessu efni. Til frekari áréttingar vísa ég til neðangreindrar umfjöllunar um meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar.*

Niðurstaða: Ég tel að með refsíákvæði 2. gr. frv. sé að öllum líkindum farið út fyrir það svigrúm sem dómstólar játa löggjafanum til þess að meta sjálfstætt hvort almannahagsmunir krefjist þess að atvinnufrelsi séu settar skorður - neytendum í óhag. Ég tel þetta mat öruggt miðað við þá sérstæðu tilhögun sem refsíákvæði 2. gr. frv. gerir ráð fyrir samkvæmt framanlýstu.

Röksemdir á grundvelli meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar

Hvað sem líður álitefninu, sem ég hef lýst - og tekið rökstudda afstöðu til - hér að ofan, varðandi valdmörk löggjafa og dómstóla varðandi efnisskilyrði 1. mgr. 75. gr. stjkskr. getur reynt á óskráða meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar. Um það ritaði dr. Gaukur Jörundsson (GJ) heitinn, þáverandi umboðsmaður Alþingis, ritgerðina „Meðalhófsreglan í stjórnskipunarrétti og stjórnsýslurétti.“ (Afmælisrit, Gizur Bergsteinsson níræður 18. apríl 1992, bls. 207-225). Síðan hefur að vísu orðið töluverð réttarþróun en ég tel að hún hafi fremur verið í þá átt að auka stjórnskipulegar takmarkanir handhafa ríkisvalds að þessu leyti.

Meðalhófsregla stjórnskipunarréttar felur eins og skyld regla stjórnsýsluréttar í sér að ekki eigi aðeins að líta til þess markmiðs sem stefnt er að „heldur einnig til hagsmuna og réttinda einstaklinga, sem ákvarðanir og valdbeiting bitnar á.“ Er handhöfum ríkisvalds á ýmsum sviðum lögfræðinnar „skylt að veða og meta hagsmunum, sem ekki fara saman, og að fara í athöfnum sínum og ákvörðunum tiltekinn meðalveg með tilliti til þeirra andstæðu hagsmuna, sem í hlut eiga.“ (GJ, bls. 207.) Ráða má af ítarlegri grein dr. Gauks, þar sem rakín eru fordæmi af sviði íslensks réttar og úr skyldum og tengdum réttarkerfum, að meðalhófsregla eigi einnig við á sviði stjórnskipunarréttar - einkum þar sem í hlut eiga réttindi sem varin eru af mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar (GJ, bls. 224) eins og hér á óbeint við samkvæmt framansögðu þar sem hugtakið „almannahagsmunir“ nær ekki síst til hagsmuna neytenda fremur en þrengri hagsmuna tiltekinnna atvinnugreina eða einstakra stétta.

Dómar Hæstaréttar styðja þá niðurstöðu að í gildi sé stjórnskipunarregla um

meðalhóf, sbr. til hliðsjónar dóm meirihluta (4:1) Hæstaréttar frá 13. apríl 2000 í máli nr. 15/2000 (Stjörnugrís) og áður nefndur Hrd. 19. mars 2009 í máli nr. 425/2008 (Vegagerðin). Báðir dómarnir styðja varfærni af hálfu löggjafans við takmörkun stjórnarskrárvarinna réttinda með vísan til almannaheilla eða almenningsþarfar eða í þágu almannahagsmuna eins og hér um ræðir.

Samkvæmt framangreindu er löggjafarstarf í íslenskum rétti eins og í skyldum réttarkerfum háð meðalhófsreglunni.

Niðurstaða: Í ljósi umsagna annarra umsagnaraðila og opinberrar umræðu um þingmál þetta og samhengi tel ég vafasamt að þau markmið, sem stefnt er að með frv., séu málefnaleg, sbr. umfjöllun mína að ofan um 1. mgr. 75. gr. stjkskr. Jafnvel þó að markmið með frv. kunni að vera málefnaleg að einhverju marki tel ég ljóst að þeim markmiðum meggi ná með öðru og vægara móti en með refsíákvæði því sem lagt er til í frv. Samkvæmt framangreindu tel ég *mjög líklegt að óbreytt frv. myndi hvað refsíákvæðið varðar brjóta gegn óskráðri meðalhófsreglu stjórnskipunarréttar* - sem dómstólar myndu því virða að vettugi ef á myndi reyna. Á þetta ekki síst við um þá tilhögun sem refsíákvæði 2. gr. frv. gerir ráð fyrir eins og rakið er hér að ofan í umfjöllun um 1. mgr. 75. gr. stjkskr.


Kröfur stjkskr. til refsíákvæða laga

Loks er sjálfstætt álitaefni - sem ég tel mér ekki fært að taka afstöðu til að svo stöddu - hvort tilhögun sú, sem refsíákvæði 2. gr. frv. greinir, uppfyllir nægilega vel kröfur sem gerðar eru til refsíákvæða laga í 1. mgr. 69. gr. stjkskr., sbr. ofangreinda umfjöllun um 1. mgr. 75. gr. stjkskr.

Frv. að öðru leyti

Um aðrar greinar frv. tel ég í ljósi tillögu minnar og heildarmats á meginefni frv. ekki tilefni til þess að fjalla sérstaklega enda eru þau ákvæði ýmist tæknilegs eðlis, minni háttar miðað við megininntakið eða nátengdar meginefni frv. sem ég hef tekið afstöðu til hér að ofan.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda,



Gísli Tryggvason.